

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Ragnheiður Bogadóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 23. júní 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 139/2003, með síðari breytingum (82. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að iánshæfir námsmenn þurfi ekki að leggja fram ábyrgð þriðja aðila til ÍLS.

Viðskiptaráð gerir tvær athugasemdir við frumvarp þetta. Í fyrsta lagi orðalag ákvæðis frumvarpsins til bráðarbirgða, þ.e. að stjórn LÍN skuli vera bundin af III. kafla laga um ábyrgðarmenn við innheimtu á hendur ábyrgðarmönnum "eftir því sem við á." Ráðið gerir sér vissulega grein fyrir því að ákvæði þeirra laga gildi ekki afturvirktt en í ljósi markmiða innheimtulaganna, þ.e. að "setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti..." (sem fjallað er um í umræddum þriðja kafla) og í ljósi þess að talsverður fjöldi ábyrgðarmanna hérlendis er tilkominn vegna ábyrgðarmannakerfis LÍN er mikilvægt að stjórn LÍN fari í einu og öllu eftir ákvæðum fyrrgreinds kafla innheimtulaganna.

Viðskiptaráð leggur til að orðalag bráðarbirgðaákvæðis frumvarpsins verði breytt þannig að "... eftir því sem við á." verði fellt brott.

Í annan stað telur ráðið röksemdir greinargerðarinnar fyrir niðurfellingu ábyrgðar ábyrgðarmanna á þegar veittum námslánum tæpast halda vatni. Þar segir að sú leið sé ekki fær því draga kynni verulega úr innheimtuhlutfalli námslána og þar með "yrði gengið nærri fjármögnum Lánasjóðsins." Þetta er vissulega líkleg afleiðing en eins og fjallað er um í umsögn fjárlagaskrifstofu þá verður þessi þróun reyndin þegar þeir sem lög þessi taka gildi hefja greiðslu námslána sinna, þ.e. árleg afskriftarþörf LÍN eykst um tugi milljóna króna. Eftir þetta tiltekna tímabil verður þar með gengið nærri fjármögnunarþörf sjóðsins. Í besta falli samræmist þessi undanþága ábyrgðarmanna á þegar veittum námslánum varla þeim jafnréttissjónarmiðum sem frumvarpinu er ætlað að vernda.

Til að gæta jafnréttissjónarmiða er lagt til að ábyrgðir ábyrgðarmanna á þegar veittum námslánum verði afléttar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur til þess að framangreindar athugasemdir verði skoðaðar.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs